

LögNr. 27
28. nóv.

um

aðflutningsgjald af kolum.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvik, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Landsstjórninni er heimilt að halda áfram einkasölu á kolum fyrst um sinn meðan henta þykir, en er einkasala hættir skal greiða 10 kr gjald í ríkissjóð af hverri smálest kola sem flutt er til landsins. Brot úr smálest, er nemur helmingi eða meiru, telst heil smálest, en minna broti skal slept.

2. gr.

Um innheimtu gjalds þessa, reikningsskil, viðurlög við röngum skýrslum og annað, er lýtur að gjaldi þessu, fer eftirir ákvæðum vörutollslaganna.

3. gr.

Lög þessi falla úr gildi við næstu áramót eftir það, að unninn er upp halli sá, er stafar af kolakaupum landsstjórnar vegna styrjaldarinnar.

Meðan gjald það er greitt, sem ræðir um í 1. gr., fellur niður vörutollur sá, sem nú er á kolum.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalúborg, 28. nóvember 1919.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Sig. Eggerz.